



Sólbakka 11 310 Borgarnesi www.gluggahollin.is

Leiðbeiningar um meðferð og uppsetningu glugga og hurða!



Flutningur og geymsla

Við affermingu og síðari meðhöndlun á einingunum verður að nota lyftibúnað og aðferðir sem valda ekki skemmdum á einingunum.




Kaupanda ber að athuga vörur við komu til að tryggja að afhending standist samning og að engir augljósir gallar eða skemmdir séu á einingunum (t.d. af völdum flutnings). Ef tilefni er til kvartana eða fyrirspurna skal tilkynna birgjanum án tafar.

Fjarlægja skal merkimiða og korkpúða af glerjum eigi síðar en tveimur vikum eftir móttöku vöru. Allar hornhlífar, hlífðarpappír eða aðrar hlífðarumbúðir verða að vera á sínum stað og aðeins fjarlægðar þegar einingarnar eru komnar á notkunarstað.

Ef gluggar og/eða hurðir eru geymdar utandyra verða einingarnar að vera settar á burðarefni eða bretti til að veita nægilegt bil frá jörðu.

Einingarnar verða að vera tryggilega huldar til að verja þær fyrir úrkomu og óhreinindum.

Jafnframt þarf að tryggja rétta loftræstingu í kringum einingarnar til að takmarka hættu á þéttingu vatns undir hlífinni. Aðskildar glereiningar skulu geymdar undir þaki.



Bretti pakkað í plast eða segl

Uppsetning og festingar

Rétt uppsetning skiptir sköpum fyrir virkni og endingu eininganna. Þess vegna ætti uppsetning glugga og hurða alltaf að vera framkvæmd af fagmönnum.

Eftirfarandi leiðbeiningar fjalla um nokkra af helstu þáttum uppsetningarvinnunnar en ekki öll smáatriðin, sem gætu gegnt hlutverki í uppsetningunni.


Venjulega eru gluggar og hurðir með gleri ísettu en þegar um er að ræða föst ljós eru glereiningar oft settar upp eftir að karmarnir hafa verið settir upp. Það mun auðvelda uppsetningu á flestum gerðum eininga að fjarlægja hlífina eða hurðarblaðið fyrir fyrsta stig uppsetningar rammans.

Uppsetning


Ramminn er venjulega staðsettur í gatinu miðju með jöfnu bili í kring.

Bilið milli gluggans og aðliggjandi veggvirkis ætti að jafnaði að vera um 10 - 12 mm.

Að jafnaði skal ekki vera meira en 900 mm á milli festinga, og undirlegg skal vera úr varanlegu efni sem ekki breytir lögun sinni eða fúnar t.d. plastundirlegg.




Við uppsetningu hurðakarma skal leitast við hafa festingar við lamir og læsingarjárn. Undir alla pósta og endastólpa skal setja undirlegg af viðeigandi gerð.



Þétting og frágangur

Við frágang og þéttingu milli karms og aðliggjandi byggingarluta skal setja einagrun eða festifrauð, en passa skal að þrýsta ekki það mikið milli gluggakarms og byggingarluta að það valdi sveigju. Lokafrágangur skyldi vera kíttun með viðeigandi kíttri eða borða sem þolir veðrun, en á markaði eru margar gerðir sem uppfylla þau skilyrði.



Viðhald og þrif á gluggum og hurðum

Allir gluggar og hurðir þurfa viðhald, og venjuleg þrif eru hluti þess svo og smurning slitflata. Við venjuleg þrif skal nota hreint vatn, og ef þurfa þykir milda sápu með hlutlaust PH gildi sem næst 7.

Smyrja ætti lamir og skrár (slitfleti) minnst einu sinni á ári, eða eftir þörfum í hverju tilfelli fyrir sig.